



## **258. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Versölum, Sveitarfélaginu Ölfusi, fimmtudaginn 21. september 2017, kl. 13:00.**

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ari B. Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir (varmaður Önnu Bjargar Níelsdóttur, sem boðaði forföll) og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð. Ágúst Sigurðsson boðaði forföll, svo og varamaður hans, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS. Þá sátu fundinn eftirfarandi fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss: Gunnsteinn Ómarsson, bæjarstjóri, Sveinn Steinarsson, forseti bæjarstjórnar, Anna Margrét Smáradóttir, markaðs- og menningarfulltrúi og Davíð Halldórsson, umhverfisstjóri.

Einnig sátu fundinn undir 5. lið Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og Gunnar Svavarsson, frá Eflu.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

### **Dagskrá:**

- 1. Aðalfundur SOS 19-20. okt. á Selfossi. Undirbúningur fundar.**  
Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, kom inn á fundinn. Farið var yfir fundargögn, drög að dagskrá og fjárhagsáætlun. Stjórn samþykkir skýrslu stjórnar, fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá.
- 2. Kirkjuferjuháleiga.**  
Drög að eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar var lögð fram. Stjórn SOS gerir ekki athugasemdir við skýrsludrögin.  
Samþykkt var að fá Eflu til að kostnaðarmeta úrbætur vegna frágangs í Kirkjuferjuháleigu.
- 3. Endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland.**  
Lögð voru fram gögn um stöðu mála varðandi endurskoðun svæðisáætlunar.
- 4. Sveitarfélagið Ölfus, staða úrgangsmála í sveitarfélaginu.**  
Gunnsteinn og Sveinn sögðu frá stöðu mála í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- 5. Greining úrgangsmála á starfssvæði SOS.**  
Stefán Gíslason fór yfir vinnu sína, drög að skýrslu og tillögur til stjórnar. Rætt var um næstu skref.  
Gunnar Svavarsson frá EFLU fór yfir útreikninga vegna Nessands o.fl.

**6. Önnur mál.**

Formaður gerði grein fyrir viðræðum við SSH um viljayfirlýsingu um áframhaldandi samvinnu SOS og SSH vegna Sorpu.

**7. Skoðunarferð að Nessandi.**

Farið var að Nessandi og skoðaðar aðstæður þar.

Stefnt er að næsta fundi föstudaginn 29. september kl. 10.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Fundi slitið kl. 16:30.

Jón G. Valgeirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Ari B. Thorarensen

Ásta Stefánsdóttir